

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 211/2013

2014/EES/19/33

frá 8. nóvember 2013

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana  
í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 144/2013 frá 19. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vínfraeðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi og á reglugerð (EB) nr. 436/2009 að því er varðar skráningu á þessum vinnsluaðferðum í fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda skal fyrir víngeirann <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 172/2013 frá 26. febrúar 2013 um að taka tiltekin fyrirbyggjandi vínheiti af skránni sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í sjöundu málsgrein inngangsorða að bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. viðbætis bókunar 47 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 9. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009):

„eins og henni var breytt með:

– **32013 R 0144:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 144/2013 frá 19. febrúar 2013 (Stjútíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 56).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009):

„– **32013 R 0144:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 144/2013 frá 19. febrúar 2013 (Stjútíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 56).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 12. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1022/2010):

„13. **32013 R 0172:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 172/2013 frá 26. febrúar 2013 um að taka tiltekin fyrirbyggjandi vínheiti af skránni sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 (Stjútíð. ESB L 55, 27.2.2013, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 144/2013 og (ESB) nr. 172/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 56.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 55, 27.2.2013, bls. 20.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Dórir Ibsen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.